

4. gr.

*Sýrkir til búháttabreytinga
hjá bændum með mjólkurframleiðslu.*

Fram til 1. september 1995 geta eigendur og ábúendur á lögbýlum, sem liggja fjarri afurðastöð eða eru úrleiðis sótt um styrk til úreldingar á aðstöðu til mjólkurframleiðslu á lögbýlum, enda séu uppfyllt eftirfarandi skilyrði:

a. Staðsetning lögbýlis (lögbýla) lengi flutninga a.m.k. um 20 km að meðaltali miðað við verðlagsgrundvallarbú. Heimilt er að víkja frá þessari reglu í tilvikum þar sem flutningar eru erfiðir og dýrir.

b. Styrkur til úreldingar skal ná til fasteigna (fjöss og hlöðu) sem nýttar hafa verið til mjólkurframleiðslu og vélbúnaðar í þeim. Styrkur skal nema matsverði eigna og véla, sem metnar skulu eftir sömu reglum og greiðslur til leiguliða við ábúðarlok. Við úreldingu skal greiðslumark til mjólkurframleiðslu falla niður og er heimilt að bæta niðurfellinguna til að eðlilegar bætur komi fyrir þann aðstöðumissi sem verður til framleiðslu á jörðinni.

c. Tryggt verði að mjólkurframleiðsla verði ekki tekin upp á lögbýlinu fyrir 1. september 1998, nema með leyfi landbúnaðarráðherra. Kvöð þar um skal þinglýst á viðkomandi lögbýli.

Ákvæði þessarar greinar geta einnig tekið til lögbýla sem verða úrleiðis við úreldingu mjólkurbús. Umsóknir bænda um styrki til úreldingar skal taka til afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast. Ekki er skylt að verða við umsóknum sem berast eftir að fé þrýtur sem til ráðstöfunar er skv. ákvæðum 1. gr.

5. gr.

Verkefnisnefnd.

Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna nefnd sem metur umsóknir um styrki skv. reglum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir sameiginlegri tilnefningu ASÍ og BSRB, einn eftir tillögu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, einn eftir tillögu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

6. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við tölulið C í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og gilda til 1. janúar 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. apríl 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 25. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Breytingarnar eru:

- Lóðir fyrir opinberar stofnanir að Víkurbraut 42 og Borgarhrauni 6 verða íbúðalóðir.
- Í stað lóðar fyrir verslun og þjónustu að Víkurbraut 62 verði notkun blönduð, þ.e.a.s. fyrir opinberar stofnanir/verslun og þjónusta.

- Leikskólasvæði við Dalbraut stækkar og verslunarlóð á horni Ásabrautar og Víkurbraut verður að lóð fyrir opinbera stofnun.
- Reitur fyrir fjölbýlishús við Heiðarhraun stækkar. Um leið er felld niður sérstök aðgreining svæða fyrir fjölbýlishús í aðalskipulagi og einungis skilgreind svæði fyrir íbúðabyggð hvort heldur um er að ræða einbýli eða fjölbýli.
- Þrjú ný svæði verða fyrir íbúðabyggð: Á Höskuldarvöllum þar sem áður var óbyggt svæði; í enda Sólvalla, þar sem áður var gert ráð fyrir opinberri stofnun og á milli Baðsvalla og Glæsivalla, þar sem áður var opið svæði.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (18.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina; hvað varðar lyf, sem innihalda **Aciclovirum**:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Aciclovirum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 50 mg/g (5%). Mest 2 g (=100 mg virkt efni) handa einstaklingi.	VEBAN, krem. ZOVIR, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, óðlast gildi 1. maí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.